



Þingskjal nr. 33

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á gr. 8.16, Viðauki 8, Bannlisti.

Reglan er :

~~Íslensk sérregla: Skáreim er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem að ekki eru World Ranking.~~

Reglan verður:

Skáreim er bönnuð í gæðingakeppni.

Greinargerð:

GDLH telur að rétt sé að fylgja reglum Feif um skáreim.

Umsögn keppnisnefnar LH

Keppnisnefnd leggur til að málsgreinin „Skáreim er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem að ekki eru World Ranking“ falli brott. Ekki er nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega að skáreim sé bönnuð, enda á bannlista FEIF um búnað.

Afgreiðsla nefndar:

Keppnisnefnd leggur til að íslensk sérregla verði felld niður. Tillagan samþykkt með því að taka út íslenska sérreglu um skáreim.



Þingskjal nr. 34

Flytjandi Járningamannafélag Íslands

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á gr. 8.16, Viðauki 8, Bannlisti.

Stjórn Járningamannafélagsins leggur til að leyfðar verði skeifur með tábeygju og botnar með tungustuðningi.

3d Botn

Á vetrarmánuðum kom inn á markað 3d botn sem er sérstaklega ætlaður hestum með lága hælstöðu. Botn sem kemur í nokkrum útfærslum en er í grunninn eins. Botnar þessir eru einstaklega hestvænir og geta breytt fótstöðu hestsins til hins betra á nokkrum mánuðum. Þá er einstaklega gott að nota slíka botna ef hófar eru sprungnir eða lélegir þar sem hluti af þunga hestsins er borin á botninum en ekki á hófveggjum einum saman.

Botnarnir eru um 2mm þykkir en á þeim er þykking yfir hóftungu (tungubiti) sem er um 7mm þykk og falla þessir botnar því ekki undir núverandi reglur.

Okkur þykir nauðsin að leifa slíka botna þar sem að þetta hjálpar hestum og eikur hanns vellíðan og þægindi. Ekki er um að ræða neina auka þyngd eða aukna þykkt undir skeifu og rammast þetta því að öllu leiti inni reglum nema að tungubittinn er þykkari en reglur leifa.

Equilibrium Air

Flestir skefna framleiðendur framleiða skeifur með tá begju. Skeifur þessar auka á vellíðan hesta og minka álag á sínar og liði. Flestar þessar skeifur eru breiðari í tanna, 24mm þar sem búið er að fletja tanna út, til að mynda rúninginn fyrir tá begjuna. En aftur á móti eru þær mjórri í hælina eða um 18mm. Þessar skeifu eru því bannaðar miðað við núverandi reglur þar sem þær eru of breiðar. Nöfn sem framleiðendur velja á skeifur sem þessar eru til að mynda, Special, Comfort og Equilibrium Air. Öll þessi nöfn gefa til kynna að þær auka vellíðan og léttleika. Allar þessar skeifur eru 8mm að þykkt og eru léttari en venjulegar 8mm skeifur sem leyfðar eru í keppni.

Okkur þykir ástæða til að leifa slíkar skeifur í keppni enda eru þær einstaklega hestvænar og að mörgu leiti betri en hin almenna skeifa.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd telur að erindi Járningarmannafélags Íslands skuli vísa til FEIF sem fer með þessi mál.



Afgreiðsla nefndar:

Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði felld